

Fimmtudaginn 9. september 1993.

Nr. 300/1993. **Snorri Ólafsson**

gegn

Gylfa Gunnarssyni.

Kærumál. Ómerking og heimvísun. Aðfinnslur. Gagnaöflun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. júní 1993, sem barst réttinum 28. júlí sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands 11. júní. Þar var máli þessu vísað frá dómi, þar sem kröfugerð málsins var ekki talin samræmast d-lið 1. tl. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Af forsendum úrskurðarins virðist þó frekar vera átt við e-lið 1. tl. 80. gr.

Sóknaraðili vitnar til kæruheimilda j-liðar 1. tl. og c-liðar 2. tl. 143. gr. laga nr. 91/1991. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili skilaði greinargerð í héraði 20. janúar 1993, þar sem hann krafðist frávísunar málsins frá héraðsdómi, þar sem sóknaraðili hefði ekki reifað mál sitt með þeim hætti, að unnt væri að leggja dóm á kröfur hans. Málinu var síðan frestað til munnlegs flutnings um frávísunarkröfuna til 22. febrúar. Þá er málið var tekið fyrir 22. febrúar, var ekki mætt af hálfu stefnda, en málið var engu að síður munnlega flutt um frávísunarkröfuna af hálfu sóknaraðila og henni mótmælt. Jafnframt óskaði lögmaður sóknaraðila eftir því, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, þar sem hann þyrfti að rökstyðja mál sitt nánar með vitnaskýrslum, sem boðaðar höfðu verið í stefnu. Héraðsdómari tók frávísunarkröfuna til úrskurðar, en tók sér jafnframt frest til kl. 16 sama dag til að taka afstöðu til fram kominna óska sóknaraðila um, að „málið verði eigi dómtekið að lokinni framlagningu skriflegrar sóknar“. Í dómsgerðum kemur ekki fram, hvaða afstöðu dómariinn tók til

þessarar óskar, en 29. mars var málinu frestað til framlagningar skriflegrar sóknar. Sókn var síðan lögð fram 26. apríl. Vitnaskýrslur þær, sem farið var fram á í þinghaldi 22. febrúar, fóru aldrei fram.

Sóknaraðili hefur til stuðnings efniskröfu sinni í málinu lagt fram það, er hann kallar samning, frá 16. september 1987, en frekar verður að meta sem yfirlýsingu varnaraðila um móttöku á 8.436 laxaseiðum. Í yfirlýsingunni segir, að seiði þessi séu hluti af 27 - 28000 seiðum, sem fyrirtæki varnaraðila muni síðar taka við samkvæmt samkomulagi. Málatilbúnaður sóknaraðila verður ekki öðruvísi skilinn en að vitnaskýrslur séu nauðsynlegar til að sýna fram á efni þessa tilvitnaða samkomulags.

Þegar útivist varð af hálfu varnaraðila í þinghaldi 22. febrúar, þurfti héraðsdómari ekki að sinna frávísunarkröfu hans sérstaklega. Héraðsdómariinn byggir frávísun sína á því meðal annars, að gögn vanta fyrir framangreindu samkomulagi. Sóknaraðili hugðist bæta úr því með vitnaleiðslu. Átti héraðsdómari því að fara að ósk sóknaraðila, ákveða þegar aðalflutning máls og gefa honum kost á því að fá vitni fyrir dóm og skila sókn að því búnu, sbr. 3. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991. Þar næst kom að því að ákveða, hver ættu að vera úrslit málsins. Þar sem málið hlaut ekki þessa meðferð, verður að ómerkja hinn kærða úrskurð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 22. febrúar.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Bókanir héraðsdómara eru óljósar og tök hans á meðferð málsins ómarkviss. Þá hefur hann ekki haft hliðsjón af 102. gr. laga nr. 91/1991, en í samræmi við reglu þeirrar greinar áttu allar ákvarðanir hans um áframhaldandi meðferð að fara fram í þinghaldi 22. febrúar 1993.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er ómerktur og meðferð málsins frá og með 22. febrúar 1993 og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðili, Gylfi Gunnarsson, greiði sóknaraðila, Snorra Ólafssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 11. júní 1992.

I.

Ár 1993, föstudaginn 11. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E 12/1992: Snorri Ólafsson gegn Gylfa Gunnarssyni.

Mál þetta, sem þingfest var á bæjarþingi Neskaupstaðar 14. maí 1992, en dómtekið í Héraðsdómi Austurlands 26. apríl 1993, hefur Snorri Ólafsson, kt. 290844-4289, Stekkholti 10, Selfossi, höfðað með stefnu, út gefinni 23. mars 1992, en birtri 30. mars 1993, á hendur Gylfa Gunnarssyni, kt. 270740-2789, Strandgötu 62, Neskaupstað.

II.

Dómkröfur stefnanda eru þær, „að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 4.534.301 kr., auk dráttarvaxta af stefnufjárhæðinni skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 23. ágúst 1990 til greiðsludags og að heimilt verði að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 23. ágúst 1992, og reikna þannig áframhaldandi dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls skuldar og áfallinna dráttarvaxta, allt í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá verði stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum 24.5% virðisaukaskatti, sbr. lög nr. 50/1988 og 119/1989, á málskostnaðarfjárhæðina, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags og að heimilt verði að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól málskostnaðarfjárhæðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn einu ári og fimmtán dögum eftir dómsuppkvaðningu, og reikna þannig áframhaldandi dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð áfallinna dráttarvaxta og málskostnaðarfjárhæðar“.

— — —

Niðurstöður.

Engin ný gögn hafa verið lögð fram í þessu máli frekar en í hinu fyrra máli á milli aðila, er sýni afhendingu á þeim 27-28.000 seiðum, sem nefnd eru í samkomulaginu, en í sókn kveður stefnandi, að framburður þeirra þriggja vitna, sem hann nefnir í stefnu, eigi að leiða til þess, að sannað þætti, að seiðin hafi verið afhent.

Stefnufjárhæð í máli þessu grundvallast á innlausnarverði skuldabréfs, út gefnu af Steypustöðinni hf., dags. 10. október 1987. Málátílbúnaður stefnanda gagnvart stefnda er hins vegar grundvallaður á samningi um viðskipti með laxaseiði, þar sem umsamið kaupverð fyrir hvert seiði er sagt

80 kr. Ofangreint skuldabréf, sem stefnandi kveður stefnda hafa afhent sér til tryggingar á greiðslum samkvæmt kaupsamningi, var innleyst 23. ágúst 1990 með stefnufjárhæðinni, en stefnandi kveðst hafa framselt Landsbanka Íslands, Selfossi, skuldabréfið 3. nóvember 1987. Fram komin gögn málsins sýna ekki fram á ábyrgð stefnda á greiðslu skuldabréfs þessa, en bréfið er ekki áritað um framsal stefnanda til stefnda. Þá felast í innlausnarverðinu m. a. vextir, dráttarvextir, lánskjaravísitölutrygging og bankakostnaður, sem ekki hefur verið sýnt fram á með gögnum málsins, að stefndi sé skyldur til að greiða. Ekki kemur fram í gögnum málsins, hvernig stefndi skyldi efna sinn hluta samnings aðila, né um efni samningsins að öðru leyti. Í hinni skriflegu sókn hefur ekki verið sýnt fram á frekar en í hinu fyrra máli milli aðila, að nægilegt samband sé á milli stefnukröfu og samkomulagsins frá 16. september 1987 um afhendingu á 8436 seiðum.

Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að kröfugerð stefnanda í málinu samræmist ekki d-lið 1. tl. 80. gr. laga nr. 91/1991. Ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Málskostnaður úrskurðast ekki.

Ólafur Börkur Þorvaldsson kveður upp úrskurð þennan. Dregist hefur að kveða hann upp vegna anna dómara.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.
